



Argentína: Þjóðin þvingar fram rýmkun lockdowns.



Frá því í mars 2020 hefur Argentína verið í lockdown sem hefur verið framlengt á tveggja til þriggja vikna fresti. Frá mars til ágúst 2020 var strangt útgöngubann í gildi: fólk mátti aðeins yfirgefa íbúðir sínar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum: innkaup, læknisheimsóknir eða á leið til vinnu. Frá því í maí hefur verið grímuskylda. Frá því í ágúst voru almennar fjöldatakmarkanir við 10 manns með grímur og tveggja metra fjarlægðarmörk.

Frá því í mars 2020 hefur Argentína verið í lockdown sem hefur verið framlengt á tveggja til þriggja vikna fresti. Frá mars til ágúst 2020 var strangt útgöngubann í gildi: fólk mátti aðeins yfirgefa íbúðir sínar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum: innkaup, læknisheimsóknir eða á leið til vinnu. Frá því í maí hefur verið grímuskylda. Frá því í ágúst voru almennar fjöldatakmarkanir við 10 manns með grímur og tveggja metra fjarlægðarmörk. Opinberir viðburðir fóru ekki fram. Skólar og menntastofnanir voru lokaðar; sömuleiðis stór hluti verslana og þjónustuaðila. Undantekningar voru helstu verslanir nauðsynjavöru sem þó þurftu að fylgja ströngum sóttvarnarfyrirmælum. Þrátt fyrir hörðustu lockdown aðgerðir í Mið- og Suður-Ameríku hækkuðu jákvæðar niðurstöður PCR-prófa gríðarhratt, í réttu hlutfalli við fjölda prófana. Það vekur upp miklar efasemdir um mikilvægi og skynsemi þessara prófa og þvingaðra covid- aðgerðanna.

Takmarkanir af hálfu stjórnvalda höfðu varanleg og neikvæð áhrif á efnahagslegt og félagslegt líf Argentínubúa. Samkvæmt skýrslu Alþjóðavinnuástandastofnunarinnar í september 2020 jókst atvinnuleysi úr 10,4 prósentum á fyrsta ársfjórðungi 2020 yfir í 13,1 prósent um mitt ár 2020. Í október greindi argentínska hagstofan frá því að fátækt væri að aukast í landinu. 40,9 prósent af fólki þjuggu undir fátæktarmörkum, 10,5 prósent í örbirgð. Eins jukust glæpir jafn og þétt. Hvern undrar það í ljósi allra skerðinganna.

Mótstaðan jókst vegna þess hve lockdownið var langvarandi. Frá því í september hafa mótmæli aukist meðal almennings í Argentínu. Við hverja framlengingu haftanna, þann 20. september, 11. október og 25. október mættu þúsundir manna á götuna til mótmæla og kröfðust enda lockdown-sins. Og með glæsilegum árangri:

Frá 2. nóvember eru landamæri Argentínu opin að nýju – í upphafi eingöngu fyrir ríkisborgara nágrannaríkjanna Bólivíu, Brasilíu, Chile, Paragvæ og Úrúgvæ. Umferð á Buenos Aires flugvelli hófst að nýju.

Hafsjór af hvít-blá fánum bylgjaðist um götur allra borga Argentínu. Fólkíð var alls staðar á ferðinni og jafnvel ríkisstjórnin, sem er ekki þekkt fyrir teprulega framgöngu gagnvart borgurunum lands síns, varð að viðurkenna að svona alveg án þjóðarinnar ganga hlutirnir ekki upp. Vegna sífellt kröftugri mótmæla voru fyrstu verslunarmiðstöðvarnar opnaðar að nýju – vel að merkja eftir sjö mánuða lokun!

„Ég er ánægð með að sjá svo marga með argentínska fánann berjast fyrir tilveru sinni. Þeir

vilja að Argentína verði framsækið land. Allir þessir fánar tákna frelsið og lýðveldið, “sagði Patricia Bullrich, fyrrverandi öryggisráðherra og leiðtogi íhaldssama stjórnarandstöðuflokksins PRO. Það var hún sem kallaði til mótmælanna á landsvísu.

Á sínum tíma þróaðist meðvitund þýsks almennings í auknum mæli yfir í „við erum þjóðin“. Það leiddi til þess að hið fyrrverandi þýska alþýðulýðveldi leið undir lok. Á svipaðan máta málur í dag argentínska þjóðin upp mynd þess að endalok „Lockdown“ aðgerða séu mögulegar með fjöldahreyfingu almennings. Það er hliðstætt hugsjónarræðu David Icke við friðar- og frelsimótmælin þann 29. ágúst í London þar sem hann sagði í yfirfærðri meiningu: „Ímyndaðu þér að Covid-aðgerðir hafi verið fyrirskipaðar og enginn tekur þátt“.

eftir hm

Heimildir:

<https://connectiv.events/das-volk-argentiniens-zwingt-die-regierung-in-die-knie-lockdown-wird-aufgehoben/>
<https://deutsch.rt.com/amerika/108587-argentinien-230-tage-lockdown-dennoch/>
<https://www.welt.de/politik/ausland/plus219120062/Argentinien-Die-Regierung-die-einknickte-und-den-Lockdown-wieder-aufhob.html>

Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

#Covid-19 - www.kla.tv/covid-19-is

Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálssar – óháðar – óritskoðaðar ...



- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið

þitt færðu hér: www.kla.tv/abo-is

Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftast þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér: www.kla.tv/vernetzung&lang=is

Licence:  Creative Commons leyfi sé höfundar getið

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í. Stofnunum reknur af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.